

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Hlíðahverfis í landi Vatnsholts.*  
Í breytingunni er gert ráð fyrir 51 lóð. Stærðir lóða eru á bilinu 4.400-10.000 m<sup>2</sup>. Stærðir frístundahúsa verða á bilinu 50-200 m<sup>2</sup> og hámarkshæð húsa 6 m. Að auki verður heimilt að reisa allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús á hverri lóð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2008.
2. *Deiliskipulag frístundalóða í landi Vaðness, 5 lóðir norðan Hvítárbrautar 53 og sunnan Borgarhólsbrautar 24.*  
Í deiliskipulaginu eru afmarkaðar 5 lóðir á 3,2 ha svæði, með aðkomu frá botnlanga sem tengist Hvítárbraut. Hámarksstærð húsa er 150 m<sup>2</sup> og mænishæð skal ekki vera meiri en sem nemur 6,5 m frá aðkomuhæð. Aukahús, allt að 25 m<sup>2</sup>, má vera á hverri lóð.  
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. október 2008.*  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps,  
**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2008